

## AUGLÝSING

**um bókun við samninginn milli Evrópubandalagsins og Íslands og Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi.**

Hinn 27. mars 2006 var ráði Evrópusambandsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar við samninginn milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi frá 19. janúar 2001 sem gerð var í Brussel 29. júní 2005, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 3/2001 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin öðlaðist gildi 1. maí 2006.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.  
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytinu, 4. maí 2006.*

**Geir H. Haarde.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

### Fylgiskjal.

#### **BÓKUN**

**við samninginn milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi**

EVROPUBANDALAGIÐ

og  
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

og  
KONUNGRÍKIÐ NOREGUR,

sem nefnast hér á eftir „samningsaðilar“,

HAGA Í HUGA að í bókuninni um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, er kveðið á um að ráðstafanir, gerðar skv. IV. bálki stofnsáttmála Evrópubandalagsins, skuli ekki vera bindandi fyrir Danmörku eða gilda þar,

VÍSA TIL 12. gr. samningsins milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi (hér á eftir nefndur „samningurinn milli Evrópubandalagsins, Íslands og Noregs“), þar sem því er lýst yfir að Konungsríkið Danmörk geti farið þess á leit að taka þátt í þeim samningi,

BENDA Á að Danmörk fór þess á leit, í bréfi, dagsettu 16. febrúar 2001, að taka þátt í samningnum milli Evrópubandalagsins, Íslands og Noregs,

MINNAST þess að skv. 12. gr. samningsins milli Evrópubandalagsins, Íslands og Noregs skulu samningsaðilar setja skilyrði fyrir þátttöku Konungsríkisins Danmerkur, með samþykki Danmerkur, í bókun við þann samning,

TELJA að rétt hafi verið að Danmörk og Bandalagið gerðu fyrst með sér samning, einkum til þess að gera út um mál eins og lögsögu dómstólsins og samhæfingu Bandalagsins og Danmerkur að því er varðar alþjóðlega samninga,

AÐ TEKNU TILLITI TIL samningsins milli Bandalagsins og Danmerkur um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli, sem lögð er fram í Danmörku eða öðru aðildarríki Evrópusambandsins, og um evrópska fingrafaragrunninn („Eurodac“) til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins (hér á eftir

kallaður „samningurinn milli Evrópubandalagsins og Danmerkur“),

TELJA að því sé nauðsynlegt að fastsetja skilyrðin fyrir þátttöku Danmerkur í samningnum milli Evrópubandalagsins, Íslands og Noregs, einkum er nauðsynlegt að fastsetja réttindi og skyldur Íslands og Noregs og Danmerkur gagnvart hvert öðru,

BENDA Á að gildistaka þessarar bókunar byggist á samþykki Danmerkur í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði ríkisins,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Konungsríkið Danmörk skal taka þátt í samningnum milli Evrópubandalagsins, Íslands og Noregs með þeim skilyrðum sem sett eru fram í samningnum milli Evrópubandalagsins og Danmerkur og þessari bókun.

2. gr.

1. Ákvæði „Dublin II-reglugerðarinnar“<sup>1</sup>, sem fylgir með í viðauka við þessa bókun og myndar hluta af henni ásamt framkvæmdaráðstöfunum hennar, sem samþykktar eru skv. 2. mgr. 27. gr. „Dublin II-reglugerðarinnar“, gilda, að þjóðarétti, um samskipti Danmerkur annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar.
2. Ákvæði reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn<sup>2</sup>, sem fylgir með í viðauka við þessa bókun og myndar hluta af henni ásamt framkvæmdaráðstöfunum hennar sem samþykktar eru skv. 22. gr eða 2. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn, gilda, að þjóðarétti, um samskipti Danmerkur annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar.
3. Breytingar á gerðunum, sem um getur í 1. og 2. mgr. og Danmörk tilkynna framkvæmdastjórninni um í samræmi við 3. gr. samningsins milli Evrópubandalagsins og Danmerkur, og sem Ísland og Noregur tilkynna framkvæmdastjórninni um í samræmi við 4. gr. samningsins milli Evrópubandalagsins, Íslands og Noregs, gilda, að þjóðarétti, um samskipti Danmerkur annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar.
4. Framkvæmdaráðstafanir, sem samþykktar eru skv. 2. mgr. 27. gr. „Dublin II-reglugerðarinnar“, og framkvæmdaráðstafanir, sem samþykktar eru skv. 22. gr. eða 2. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn og Danmörk tilkynna framkvæmdastjórninni um í samræmi við 4. gr. samningsins milli Evrópubandalagsins og Danmerkur, og sem Ísland og Noregur tilkynna framkvæmdastjórninni um í samræmi við 4. gr. samningsins milli Evrópubandalagsins, Íslands og Noregs, gilda, að þjóðarétti, um samskipti Danmerkur annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar.

3. gr.

Ísland og Noregur skulu eiga rétt á að leggja greinargerðir eða skriflegar athugasemdir fyrir dómstólinn í málum sem danskur dómstóll hefur vísað til hans til að fá forúrskurð í samræmi við 1. mgr. 6. gr. samningsins milli Evrópubandalagsins og Danmerkur.

4. gr.

1. Ef Noregur eða Ísland ber fram kvörtun varðandi beitingu eða túlkun Danmerkur á þessari bókun er Noregi eða Íslandi heimilt að fara fram á að málið verði formlega sett á dagskrá fundar sameiginlegu nefndarinnar sem ágreiningsmál.
2. Ef Danmörk ber fram kvörtun varðandi beitingu eða túlkun Noregs eða Íslands á þessari bókun á Danmörk rétt á að fara fram á það við framkvæmdastjórnina að málið verði formlega sett á dagskrá fundar sameiginlegu nefndarinnar sem ágreiningsmál. Framkvæmdastjórnin skal sjá um að setja málið á dagskrá fundarins.
3. Sameiginlega nefndin skal hafa 90 daga til að leysa ágreininginn frá þeim degi að telja sem

1 REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 343/2003 frá 18. febrúar 2003 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjanna (Stjtið. ESB L 50, 25. 2. 2003, bls. 1)

2 REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2725/2000 frá 11. desember 2000 um stofnun „Eurodac“ til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins (Stjtið. EB L 316, 15. 12. 2000, bls. 1).

dagskráin, sem ágreiningsmálið hefur verið sett á, er samþykkt. Danmörk skal eiga rétt á að senda sameiginlegu nefndinni athugasemdir í þessu skyni.

4. Leysi sameiginlega nefndin ágreiningsmál á þann veg að krafist sé framkvæmdar í Danmörku skal Danmörk tilkynna aðilunum, innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 3. mgr., hvort það muni hlíta lausninni og hrinda henni í framkvæmd. Tilkynni Danmörk þá ákvörðun að hrinda lausninni ekki í framkvæmd gildir 5. mgr.
5. Geti sameiginlega nefndin ekki leyst ágreininginn á því 90 daga tímabili sem gert er ráð fyrir í 3. mgr. skal bæta við öðrum 90 dögum til að finna endanlega lausn. Hafi sameiginlega nefndin ekki tekið ákvörðun við lok þess tímabils telst bókuninni hafa verið slitið þegar síðasti dagur þess tímabils er liðinn.

#### 5. gr.

Bókun þessi er með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki samningsaðilanna. Skjöl um fullgildingu eða samþykki skulu afhent framkvæmdastjóra ráðsins til vörslu en hann skal vera vörsluaðili.

Bókun þessi öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir að samningsaðilar tilkynna að málsmeðferð þeirra í þessu skyni sé lokið.

Gildistaka bókunar þessarar er einnig háð því að vörsluaðila berist tilkynning frá Konungsríkinu Danmörku þess efnis að Konungsríkið Danmörk samþykki ákvæði bókunar þessarar og lýsi því yfir að það muni beita ákvæðunum, sem um getur í 2. gr., í gagnkvæmum samskiptum sínum við Ísland og Noreg.

#### 6. gr.

Hver samningsaðili getur slitið bókun þessari með skriflegri yfirlýsingu til vörsluaðila. Slík yfirlýsing öðlast gildi sex mánuðum eftir að hún er afhent til vörslu.

Bókunin fellur úr gildi ef samningnum milli Evrópubandalagsins og Danmerkur er slitið.

Bókunin fellur úr gildi ef annaðhvort Evrópubandalagið eða bæði Ísland og Noregur hafa sagt henni upp.

Gjört í Brussel hinn 29. júní 2005. VIÐAUKI VIÐ BÓKUNINA

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 343/2003 frá 18. febrúar 2003 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjanna (Stjtið. ESB L 50, 25. 2. 2003, bls. 1).

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2725/2000 frá 11. desember 2000 um stofnun „Eurodac“ til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins (Stjtið. EB L 316, 15. 12. 2000, bls. 1).

**PROTOCOL**  
**to the Agreement between the European Community and the Republic of Iceland**  
**and the Kingdom of Norway concerning the criteria and mechanisms for establishing**  
**the State responsible for examining a request for asylum lodged in a Member State or in**  
**Iceland or Norway**

THE EUROPEAN COMMUNITY,  
and  
THE REPUBLIC OF ICELAND,  
and  
THE KINGDOM OF NORWAY,  
hereinafter referred to as "the Contracting Parties",

BEARING IN MIND that the Protocol on the position of Denmark, annexed to the Treaty on the European Union and to the Treaty establishing the European Community, provides that no measure adopted pursuant to Title IV of the Treaty establishing the European Community shall be binding upon or applicable in Denmark,

REFERRING to Article 12 of the Agreement between the European Community, the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the criteria and mechanisms for establishing the State responsible for examining a request for asylum lodged in a Member State or in Iceland or Norway (hereinafter referred to as "the Agreement between the European Community, Iceland and Norway") which states that the Kingdom of Denmark may request to participate in that Agreement,

NOTING that Denmark by letter dated 16 February 2001 requested to participate in the Agreement between the European Community, Iceland and Norway,

RECALLING that according to Article 12 of the Agreement between the European Community, Iceland and Norway, the conditions for such participation by the Kingdom of Denmark shall be determined by the Contracting Parties, acting with the consent of Denmark, in a Protocol to that Agreement,

CONSIDERING that it was appropriate, in the first place, for Denmark and the Community to conclude an Agreement in order to settle, in particular, matters relating to the jurisdiction of the Court of Justice and to the coordination between the Community and Denmark regarding international agreements,

CONSIDERING the Agreement between the Community and Denmark on the criteria and mechanisms for establishing the State responsible for examining a request for asylum lodged in Denmark or any other Member State of the European Union and "Eurodac" for the comparison of fingerprints for the effective application of the Dublin Convention (hereinafter called "the Agreement between the European Community and Denmark"),

CONSIDERING that it is therefore necessary to fix the conditions whereby Denmark participates in the Agreement between the European Community, Iceland and Norway and in particular it is necessary to establish rights and obligations between Iceland and Norway and Denmark,

NOTING that the entry into force of this Protocol is based on the consent of Denmark, in accordance with its constitutional requirements,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

The Kingdom of Denmark shall participate in the Agreement between the Community, Iceland and Norway, under the conditions set out in the Agreement between the European Community and Denmark and this Protocol.

## Article 2

1. The provisions of the "Dublin II Regulation"<sup>3</sup>, which is annexed to this Protocol and forms part thereof, together with its implementing measures adopted pursuant to Article 27(2) of the "Dublin II Regulation" shall, under international law, apply to the relations between Denmark, on the one hand, and Iceland and Norway, on the other hand.
2. The provisions of the "Eurodac Regulation"<sup>4</sup>, which is annexed to this Protocol and forms part thereof, together with its implementing measures adopted pursuant to Article 22 or 23(2) of the "Eurodac Regulation" shall, under international law, apply to the relations between Denmark, on the one hand, and Iceland and Norway, on the other hand.
3. Amendments to the Acts referred to under paragraph 1 and 2 which are notified by Denmark to the Commission in accordance with Article 3 of the Agreement between the European Community and Denmark and which are notified by Iceland and Norway to the Commission in accordance with Article 4 of the Agreement between the European Community, Iceland and Norway shall, under international law, apply to the relations between Denmark, on the one hand, and Iceland and Norway, on the other hand.
4. Implementing measures adopted pursuant to Article 27(2) of the "Dublin II Regulation" and implementing measures adopted pursuant to Article 22 or 23(2) of the "Eurodac Regulation" which are notified by Denmark to the Commission in accordance with Article 4 of the Agreement between the European Community and Denmark and which are notified by Iceland and Norway to the Commission in accordance with Article 4 of the Agreement between the European Community, Iceland and Norway shall, under international law, apply to the relations between Denmark, on the one hand, and Iceland and Norway, on the other hand.

## Article 3

Iceland and Norway shall be entitled to submit statements of case or written observations to the Court of Justice in cases where a question has been referred to it by a Danish court or tribunal for a preliminary ruling in accordance with Article 6(1) of the Agreement between the European Community and Denmark.

## Article 4

1. In the case of a complaint by Norway or Iceland concerning the application or the interpretation by Denmark of this Protocol, Norway or Iceland may ask that the matter be officially entered as a matter of dispute on the agenda of the Joint Committee.
2. In the case of a complaint by Denmark concerning the application or the interpretation by Norway or Iceland of this Protocol, Denmark shall be entitled to ask the Commission to enter officially the matter as a matter of dispute on the agenda of the Joint Committee. The matter shall be placed on agenda by the Commission.
3. The Joint Committee shall have 90 days from the date of the adoption of the agenda on which the dispute has been entered within which to settle the dispute. For this purpose, Denmark shall be entitled to make observations to the Joint Committee.
4. In a case where a dispute is settled by the Joint Committee in a manner that it requires implementation in Denmark, Denmark shall, within the timeframe envisaged in paragraph 3, notify the Parties whether or not it will implement the content of the settlement. In a case where Denmark notifies its decision not to implement the content of the settlement, paragraph 5 shall apply.
5. In a case where the dispute cannot be settled by the Joint Committee within the period envisaged in paragraph 3, a further period of 90 days shall be observed for reaching a final settlement. If the Joint Committee has not taken a decision at the end of that period this Protocol shall be considered terminated at the end of the last day of that period.

<sup>3</sup> Council Regulation (EC) No 343/2003 of 18 February 2003 establishing the criteria and mechanisms for determining the Member State responsible for examining an asylum application lodged in one of the Member States by a third-country national (OJ L 50, 25.2.2003, p. 1).

<sup>4</sup> Council Regulation (EC) No 2725/2000 of 11 December 2000 concerning the establishment of "Eurodac" for the comparison of fingerprints for the effective application of the Dublin Convention (OJ L 316, 15.12.2000, p. 1).

Article 5

This Protocol is subject to ratification or approval by the Contracting Parties. Instruments of ratification or approval shall be deposited with the Secretary-General of the Council who shall act as depositary.

This Protocol shall enter into force on the first day of the second month following the notification by the Contracting Parties of the completion of their respective procedures required for this purpose.

The entry into force of this Protocol is also subject to the prior receipt by the depositary of a Note from the Kingdom of Denmark to the effect that the Kingdom of Denmark assents to the provisions contained in this Protocol and declares that it shall apply the provisions referred to in Article 2 in its mutual relations with Iceland and Norway.

Article 6

Each Contracting Party may terminate this Protocol by written declaration to the depositary. Such declaration shall take effect six months after its deposition.

This Protocol shall cease to be effective if the Agreement between the Community and Denmark is terminated.

This Protocol shall cease to be effective if either the Community or both Iceland and Norway have denounced it.

Done at Brussels 29 June 2005